



Alþingi
Erindi nr. P 141/728
komudagur 26.11.2012

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 26. nóvember 2012

Efni: Frumvarp til laga um miðstöð innanlandsflugs (120. mál)

Samtök ferðaþjónustunnar hafa rætt ofangreint frumvarp og leyfa sér að senda fréttatilkynningu sem send var nýlega til fjölmiðla um þetta mál.

71% félagsmanna SAF vilja flugvöll áfram í Reykjavík

Í skoðanakönnun sem gerð var af Capacent Gallup meðal félagsmanna Samtaka ferðaþjónustunnar í september síðastliðnum kemur fram að 71% þeirra félagsmanna sem tóku afstöðu vilja hafa höfuðstöðvar innanlandsflugsins í Reykjavík frekar en í Keflavík. Spurt var: „Hvort kýst þú að hafa höfuðstöðvar innanlandsflugs á Reykjavíkurflugvelli eða Keflavíkurflugvelli?“. Könnun þessi staðfestir vilja ferðaþjónustunnar í þessum efnum sem áður hefur komið fram að miðstöð innanlandsflugs eigi að vera á Reykjavíkurflugvelli.

Stjórn Samtaka ferðaþjónustunnar vill því beina því til ráðamanna, hvort sem er á Alþingi eða borgarstjórn að tryggja að umgjörð innanlandsflugs á Reykjavíkurflugvelli verði með viðunandi hætti. Í fyrsta lagi þarf að vinna að varanlegu samkomulagi milli ríkis og borgar um flugvöll í Reykjavík, stöðugar deilur um framtíð flugvallarins eru ekki bjóðandi heldur þarf að vinna að sátt um starfsemina. Meirihluti íbúa Reykjavíkur hefur ítrekað lýst yfir þeirri skoðun sinni að miðstöð innanlandsflugs eigi að vera í Reykjavík og er eðlilegt að tekið verði mið af þeim vilja borgarbúa í þeirri sátt sem skapa þarf. Í öðru lagi þarf að veita leyfi til að aðstaða farþega og starfsmanna við flugafgreiðslu verði betrubætt.

Innanlandsflug á Íslandi er almenningssamgöngur. Meirihluti farþega í innanlandsflugi er að ferðast á eigin vegum til að komast á hagkvæman máta á milli landshluta. Á undanförunum 30 árum hefur farþegum í innanlandsflugi að meðaltali fjölgað um 3% á ári þrátt fyrir að áfangastöðum hafi fækkað og á undanförunum 10 árum hefur farþegum í innanlandsflugi fjölgað um 16% þrátt fyrir bankahrun, eldgos og efnahagskreppu. Þessari þróun er nú ógnað vegna yfiringilegrar hækkunar sértækra gjalda á innanlandsflug. Gjaldahækkanir sem lagðar hafa

verið á undanförunum árum jaðra við aðför að innanlandsfluginu. Frá árinu 2009 hafa sértæk gjöld meira en tvöfaldast og ef það frumvarp til fjárlaga sem nú liggur fyrir á Alþingi verður að veruleika má búast við því að sértæk gjöld á innanlandsflugið muni þrefaldast frá því sem var fyrir einungis 3 árum síðan og verða yfir 600 milljónir króna á ári. Það er alveg ljóst að þörfin á öflugum innanlandsflugi er mikil enda þjóðhagslega hagkvæmur ferðamáti, því er mikilvægt að sú umgjörð sem innanlandsfluginu er skapaður ógni ekki þessu hlutverki.

Virðingarfyllst
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Erna Hauksdóttir
framkvæmdastjóri